

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 18. nóvember 2020

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Landsbyggðadeildir.
3. Fjölmíðlaverkefnið með RÚV
4. Samstarf við Torg / ábyrgð, tímalína, plögg og virði fyrir hlutaðeigandi
5. Viðurkenningarhátíð (dómnefnd, tilnefningar o.fl.)
6. Sýnileiki í takt við nýja tíma
7. Landsbyggðadeildir á Bifröst
8. Tilboð í bókhald og útboðsgögn. Samstarf HÍ
9. Fjármál FKA
10. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Landsbyggðadeildir.

HRÁ greindi frá því að þann 26. nóvember nk. væri á dagskrá fundur með landsbyggðadeildum FKA sem fram færi á Teams. HRÁ lagði áherslu á að allar stjórnarkonur sem kost hefðu á myndu mæta. Tilgangur fundarins væri sá að gefa landsbyggðadeildum kost á að fjalla um sín mál og áskoranir í starfinu.

3. Fjölmíðlaverkefnið með RÚV

HRÁ greindi frá því að hún hefði átt fund með UEA og AR vegna undirbúnings fyrir fjölmíðlaverkefnið með RÚV. Líklegt væri að viðburðurinn færi fram í byrjun febrúar nk. Fyrirhugað væri að funda með Andrésí Jónssyni og Þórhalli Gunnarssyni til að ræða nánara fyrirkomulag viðburðarins ásamt dagsetningu hans. Þá verður viðburðurinn fljótlega auglýstur. Mikil stemning væri hjá RÚV að halda viðburðinn hvernig sem hann yrði. Áherslan væri sú að konur muni sækja um þátttöku án fyrirfram ákveðinna skilyrða og viðmiða (kríteríu) fyrir þátttöku. Hugmyndin væri sú að konur sem áhuga hefðu á þátttöku gætu sótt um með því að setja fram rökstuðning fyrir umsókn sinni.

4. Samstarf við Torg / ábyrgð, tímalína, plögg og virði fyrir hlutaðeigandi

SH greindi frá því að undirbúningur vegna samstarfs við Torg væri í fullu gangi. Félagið væri þar í samstarfi við fagfólk. Félagið væri mjög lánsamt að vinna með Huldu Bjarnadóttur og Ella Sveins væri mjög góður liðsauki. Ákveðið hefði verið að nafnið á þáttaröðunum sem unnar væru í samstarfi við Torg yrði „Stjórnandinn“. Áherslan í umfjölluninni yrði að varpa ljósi á félagskonur innan FKA og hafa fjölbreytni að leiðarljósi. Þá kom fram að fyrir dyrum stæði að undirrita samstarfssamning við Torg. Grafík vegna þáttanna yrði kynnt fyrir stjórn á næstu dögum.

5. Viðurkenningarhátíð (dómnefnd, tilnefningar o.fl.)

AR og ÁG greindu frá því að skipulagning Viðurkenningarhátíðar FKA væri í fullum gangi. Senn yrði tilkynning um dómnefnd sem færi með vel á viðurkenningarhöfum birt opinberlega.

6. Sýnileiki í takt við nýja tíma

HRÁ fjallaði um að undirbúningur fyrir sýnileikadaginn væri í fullum gangi. Það væri fagnaðarefni að Arion banki myndi styrkja verkefnið um 1 mkr. og lána FKA aðstöðu í bankanum til að vera með beina útsendingu af viðburðinum.

VJ sagði frá því að það væri flott nefnd sem stæði að skipulagningu viðburðarins. Nefndin undirbýr dagskrá fundarins. Góður fundur hefði farið fram með Advania og ljóst að um yrði að ræða glæsilega tæknilega rafræna umgjörð. Sýnileiki Advania yrði tryggður á þessum vettvangi í takt við slagorðin „Sýnileiki í takt við nýja tíma“.

7. Landsbyggðadeildir á Bifröst

MJN fjallaði um að það væri vel á veg komið að skipuleggja ráðstefnu landsbyggðadeilda á Bifröst sem fyrirhugað væri að halda í febrúar nk. Í undirbúningi væri að fá konur sem reka fyrirtæki á landsbyggðinni til að fjalla um landsbyggðina á ráðstefnunni. Hugmyndin væri sú að leiða fram fjölskyldufyrirtæki og fá samtök sveitarfélaga til að vinna með þeim. MJN taldi það mjög árangursríkt að fá landsbyggðadeildir til samvinnu.

8. Tilboð í bókhald og útboðsgögn. Samstarf HÍ

UEA fjallaði um að tilboðsferlið um færslu á bókhaldi FKA væri í fullum gangi. Skilafrestur á tilboðum væri til 23. nóvember nk. Fyrirspurnir hefðu borist varðandi tilboðsgögnin sem unnin hefðu verið með faglegum hætti. Þá greindi UEA frá því að samstarfið við HÍ hefði gengið afskaplega vel. FKA hafi verið lánsamt að fá námskonurnar Júlíu og Vanessu til að liðssinna félaginu og að mikil eftirsjá væri af þeim. Viðtal hefði birst við þær í blaði Háskóla Íslands þar sem þær greindu frá samstarfinu. Samstarfið við HÍ hefði verið mjög árangursríkt í alla staði og til skoðunar væri að halda því áfram.

AR og UEA reyna að fá fund með Visku og Vefráði þann 26. nóvember nk. Þá þarf að fá fram hvort haldið verður áfram með DK eða breyta yfir í Navisjón sem mun ráðast af því hvort kerfið verður hagstæðara fjárhagslega fyrir félagið.

9. Fjármál FKA

AR fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra og greindi frá fjármálum FKA og stöðunni í innheimtu á félagsgjöldum. AR greindi frá því að innheimtan gengi vel. Enn væru 110 kröfur útistandandi. AR mun senda félagskonum tölvupóst með upplýsingum að þær verði teknar úr félagatali ef félagsgjöldin verði ekki greidd innan viku. Innheimtan væri unnin í samstarfi við úthringipjónustu Ritara sem gengi vel.

Þá greindi AR frá því að hún ynni að því að fara yfir fjölda félagskvenna í félaginu til að fá fram réttan fjölda en einhvers misræmis virðist gæta en samkvæmt félagatali eru 1210 konur skráðar í félagið. Taka þyrfti konur úr félagatali og af heimasíðu félagsins sem ekki hafa greitt félagsgjöld.

Á bankareikningum félagsins væri staðan rúmar 19 mkr. sem er svipað og á sama tíma á síðasta ári.

10.Önnur mál

Nýliðamóttaka:

Varastjórnarkonurnar Rakel og Bylgja hafa lýst yfir vilja sínum til að annast móttöku nýliða í FKA. Á dagskrá er að standa fyrir rafrænum viðburði á nýju ári. Þær munu vinna að verkefninu með AR og stjórn.

New Icelandairs:

Til stendur að vera með mjög flotta umfjöllun um New Icelandairs í Morgunblaðinu (MBL). Blaðamaður og ljósmyndari MBL hafa sagt að umfjöllunin muni fá gott pláss í blaðinu og vonandi á forsíðu. Í kjölfarið verður birt fréttatilkynning.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.